



Reglur Fagdeildar slökkviliðsstjóra

1. grein.

Fagdeild starfar að sérmálefnum slökkviliðsstjóra og vinnur að framgangi mála á sínu sviði.

2. grein.

Fagdeildir kjósa sér stjórn samkvæmt reglum settum þar um. Fagdeild skal kjósa sér formann, varaformann svo og eru tilnefndir af stjórn fagdeildar gjaldkeri og ritari.

3. grein.

Aðild að Fagdeild geta átt slökkviliðsstjórar og staðgenglar þeirra á grundvelli 3. greinar laga félagsins.

4. grein.

Fagdeildir eigi einn sérstakan fulltrúa á þingi LSS auk stjórnarmanns (lagabr).

5. grein.

Fagdeildir geta sett sér samþykktir, en þær mega þó ekki fara í bága við lög LSS.

6. grein.

Aðilar að fagdeildum eru með málfrelsi og tillögurétt á þingum LSS.

7. grein.

Fagdeildir hafa heimild fyrir sérfjárhag fagdeildar (lagabr.).

8. grein.

Ársfundir Fagdeildar slökkviliðsstjóra eru haldnir samkvæmt reglum/samþykktum þar um (reglur lagðar fram á 8. þingi LSS).

9. grein.

Heimilt er að setja á laggirnar sérstaka samningseiningu slökkviliðsstjóra sem fjalli um kjara- og réttindastöðu slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjórar skipi samningseininguna auk formanns samninganefndar LSS.

10. grein.

Um breytingar á reglum þessum gildir sama og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykkt á 8. þingi LSS, 8. apríl 2000.